

ANTIKA EHF 2023

Bíldsfell I – Tunga

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir





Mynd 1. Skráningarsvæðið er rauði punkturinn á kortinu.

Forsíðumynd: Túngarður [211] norðan Tungutúns

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Rúna K. Tetzschner

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

[www. antikva.is](http://www.antikva.is)

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-30-7

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram

@ Antikva ehf., Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	7
Fornleifaskráning	8
Skráningarsvæðið	8
Tilgangur fornleifaskráningar	10
Fornleifaskráning og aðferðir	14
Minjanúmer	14
Tegund, hlutverk og heiti.....	15
Staðsetning.....	15
Staðhættir og lýsing	15
Hættumat	15
Mótvægisaðgerðir	16
Fornleifar á svæðinu	16
Tunga [481]	17
Tunga – bæjarstæði [2928-205] tóft – húsgrunnur	19
Kálgarður [2928-208]	23
Fjárhús [2928-206] tóft.....	24
Traðir [2928-209] gata.....	27
Leið [2928-210] vegur.....	30
Túngarður [2928-211] garðlag	32
Hesthús [2928-214] tóft.....	34

Aðhöld [2928-219 / 212] tóftir	35
Aðhald – kvíar [213] tóft.....	38
Útihús [2928-220] heimild	38
Mógrafir [2928-222 / 223] námur	38
Stöðull – kvíar [2928-221] heimild	40
Grænutóftir – Grænuborgir [2928-216] tóftahóll, [2928-217] tóft og leið [2928-218] gata	40
Samantekt og niðurstöður.....	45
Heimildir	48
Árnastofnun – Örnefnasafn	49

Myndaskrá

Mynd 1. Skráningarsvæðið er rauði punkturinn á kortinu.	2
Mynd 2. Komið að Tungutúni. T.v. er gamalt íbúðarhús, í túninu fjæst t.h. sést í gamla bæjarhólinn.....	8
Mynd 3. Mörk skipulagssvæðis og byggingareitir. Minjar eru innan vestri hlutans.	9
Mynd 4. Skráningarform í Grímsnes- og Grafningshreppi, fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.....	13
Mynd 5. Kort sem sýnir staðsetningu fornleifa innan skrángasvæðis.....	16
Mynd 6. Rask við íbúðarhús sem flutt var í Tungu um 1980. H.m. sést niðurgroftur sunnan hússins.	18

Mynd 7. Rask frá því að húsi var komið fyrir norðan í Tungutúni um 1980. V.m. er hóll sem líklega hefur myndast með uppmokstri og h.m. niðurgröftur með tveimur yfirgrónum viðargrunnum eða pöllum.	19
Mynd 8. Túnakort fyrir Tungu eyðijörð frá árinu 1918. Lögun túnsins hefur haldist.	20
Mynd 9. Kort sem sýnir fornleifar í bæjarhólnum: bæjarstæði [205], kálgarður [208], traðir [209] og fjárhús [206].	20
Mynd 10. Tóft eða grunnur frá Tungubænum [205]. Bæjarstæðið allt er mjög þýft.	21
Mynd 11. Horft suðaustur og niður eftir kálgarði [208] frá bæjargrunninum [205].	22
Mynd 12. Bæjartraðirnar [209] í sveig meðfram kálgarði [208] (t.h.) neðan bæjar [205].	23
Mynd 13. Horft austur yfir fjárhúsið [206].	24
Mynd 14. Litla rýmið við suðurhorn fjárhússins [206] hefur kannski verið skemma.	25
Mynd 15. Horft norðvestur yfir hlöðu fjárhússins [206].	26
Mynd 16. Horft suðaustur til fjárhústóftar [206] t.v. og bæjarstæðis [205] t.h.	27
Mynd 17. Traðirnar [209] liggja milli bæjarstæðis [205] og fjárhústóftar [206].	28
Mynd 18. Horft niður eftir bæjartröðum [209]. Að austan (v.m.) er skarð í traðarveggnum. .	28
Mynd 19. Bæjartraðirnar [209] í Tungu.	29
Mynd 20. Vatn var sótt í læk neðan traða [209]. Handan hans liggur akstursspor.	30
Mynd 21. Horft suður eftir vegi [210] sem liggur niður með túnbrekkunni austan í túninu. ..	31
Mynd 22. Vegur [210] liggur niður austan í túnbrekkunni.	31
Mynd 23. Horft vestur eftir túngarðinum [211].	32

Mynd 24. Horft niður eftir suðausturenda túngarðsins [211]. T.h. upp við hann sést tóft frá aðhaldi [213]. Fjærst t.v. sést annar garður sem virðist koma sem framhald neðan brekku en hann er utan svæðis.	33
Mynd 25. Horft inn í hesthústóft [214].	34
Mynd 26. Horft austur yfir hesthústóft [214].	35
Mynd 27. Ógreinileg tóft [219] í forgrunni og hesthústóftin [214] fjær.	36
Mynd 28. Tóft [212] fremst og hesthús [214] fjær. Á milli er tóft [219] v.m. við lágvaxið birki.	37
Mynd 29. Tóft [213] sem gæti verið frá kvíum upp við innanverðan túngarð.	37
Mynd 30. Þurrara svæði er vestan mógrafa og gæti þar hafa verið torftekja.	39
Mynd 31. Mógrafir [223] eru norðan við Tungutún.	39
Mynd 32. Tóftahóll [216] þar sem heita Grænutóftir eða Grænuborgir. Horft austur.	40
Mynd 33. Tóftarleifar ofan í hólnum [216].	41
Mynd 34. Grænuborgir – Grænutóftir. Tóftahóll [216], kúptur í miðju en aflíðandi til hliða.	42
Mynd 35. Sunnan við tóftahólinn [216] má óljóst greina veggjabrot [217].	43
Mynd 36. Þúfur austan við tóftahólinn [216].	43
Mynd 37. Gömul leið [218] liggur vestur fyrir Grænutóftir [216 / 217].	44
Mynd 38. Kort sem sýnir staðsetningu Grænutófta.	44

Inngangur

Að beiðni Odds Hermannssonar, landslagsarkitekt hjá Landformi landslagsarkitektum, tók Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikva ehf., að sér að skrá fornleifar vegna deiliskipulags á Bíldsfelli I í Grímsnes- og Grafningshreppi. Svæðið sem um ræðir tilheyrði áður jörðinni Tungu sem miðað við heimildir var í ábúð frá því snemma á 16. öld. Skráningin fékk verknúmerið 2928 hjá Minjastofnun Íslands.

Gert er ráð fyrir frístundabyggð með 30 lóðum á svæðinu. Innan þess er hið forna tún Tungu með minjum frá ábúðartíma jarðarinnar: Bæjarhóll með tóftum frá gamla bænum, kálgarður, fjárhústóft, hlaðnar traðir, túngarður, hesthústóft og þrjár litlar tóftir frá aðhöldum eða kvíum. Einnig var skráður gamall akstursvegur í austanverðum túnjaðrinum. Norðan túns eru mógrafir og svokallaðar Grænutóftir eða Græ nuborgir, tóftahóll þar sem gæti hafa verið fjárborg og gömul leið. Í skipulaginu er þó gert ráð 15 m friðhelguðu svæði kringum minjarnar í samræmi við lög um menningarminjar.¹ Það ætti víðast hvar að koma í veg fyrir að minjunum sé hættu búin en þyrfti þó að færa mörkin utar við bæjahólinn. Allmikið rask er í norðanverðu túninu kringum gamalt íbúðarhús sem flutt var á staðinn um 1980 en minjar þar teljast ekki fornleifar.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Allar minjar voru mældar upp og staðsettar og við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Árni Þorvaldsson í Bíldsfelli og Jón Sigurðsson sem einnig er ættaður af svæðinu létu í té upplýsingar um svæðið við skráningu og er þeim þakkað fyrir.

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu og heimildavinna.

Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.

¹ Lög um menningarminjar nr. 80, 2012, 22. gr.

Fornleifaskráning

Fornleifaskráning fór fyrst fram á Bíldsfelli árið 1998 og annaðist Fornleifastofnun Íslands hana.² Sú skráning var barn síns tíma og einkum tekið mið af vísbendingum heimilda við skráningu en ekki var gengið skipulega um svæðið í leit að fornleifum. Auk þess voru mælingatæki ekki jafn nákvæm og í dag. Fornleifaskráning í Grímsnes- og Grafningshreppi var síðan endurskoðuð árið 2018 en þá var heldur ekki gengið skipulega um svæðið heldur stundum látið nægja að skoða loftmyndir.³ Árið 2022 sá Antikva ehf. um fornleifaskráningu á Bíldsfelli III, norðan við núverandi skráningarsvæði.⁴ Var þá gengið um það svæði, minjar staðsettar og mældar upp á vettvangi eins og krafist er samkvæmt nýjustu stöðlum Minjastofnunar Íslands. Er það einnig gert í skráningunni sem hér fer á eftir.



Mynd 2. Komið að Tungutúni. T.v. er gamalt íbúðarhús, í túninu fjæst t.h. sést í gamla bæjarhólinn.

Skráningarsvæðið


Skráningarsvæðið er 72 hektara land sem tilheyrir Bíldsfelli I í Grafningi og afmarkast af Soginu austan megin og Tunguá að sunnan. Byggingalóðir eru samkvæmt deiliskipulagi

² Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1998.

³ Birna Lárusdóttir, 2018.

⁴ Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir, 2022.

fyrirhugaðar á 24,5 hekturum af þessu landi en að öðru leyti á það að haldast opið og óhreyft. Sjálft byggingasvæðið skiptist í tvennt. Vestri hlutinn er stærri og nær yfir hið forna tún eyðjarðarinnar Tungu, harðvellisbalann Stöðul norðan við það og Tungumel norður af honum en Tunguheiði er norðan og austan túnsins. Eystri og minni hlutinn nær yfir Ferjuholt, allstórt lyngvaxið móholt á bökkum Sogsins. Aðkoma að landsvæðinu verður um núverandi vegslóða að Tungu. Neðan við Tungutún er Tungumýri, víðáttumikið mýrlendi sem nær niður að Tunguá og liggur meðfram henni austur og niður að Ferjuholti við Sogið en landið lækkar til austurs að Soginu. Mestallt svæðið er gróið lyngmóa en dálítið um melkolla og rofabörð á útjöðrum.



Mynd 3. Mörk skipulagssvæðis og byggingareitir. Minjar eru innan vestri hlutans.

Vestan við Tungutún og Tungumel er dalverpi, Beinidalur, með lyngvöxnum brekkum, sem nær vestur í Útsundsheiði að Heimaá eða Hlíðará sem rennur suður í Tunguá og liggja Útsundsgötur eftir heiðinni en þetta er nokkuð utan vesturmarka skráningarsvæðisins.

Til er forn landamerkjalýsing fyrir Tungu frá árinu 1545: „Med þessvm landamerkivm. vr vikinne og j gardinn millvm bijtzfellz og tvngo. þadan or gardinvn og j melenn og fuglstapa þvfvna vpp á melnv. þadan sionhending j smidivvad. þadan þvert yfer tungva og j ána gegnt eidzhvommvm. svo ofan epter áne og aptur j storv ána.“⁵

Í landamerkjabók Árnessýslu er svo þessi lýsing frá 1890: „Mörkin milli Tungu og Bíldsfells eru í Markavörðu á vatnsbakkanum í Markalág, þaðan eftir markavörðum til útsuðurs yfir mýrarsundið svo efri brúnina á Borgarvellinum, yfir heiðina stefna til efri enda Grænutóptarsunds með austanverðu Mjóasundi að framan og upp yfir um miðju og út brún þess í framanvert útsundsgilið út með fremri jaðri þess upp yfir mitt útsundið vestur yfir heiðina út í Markalág út við ána framan við Seljamýrina, þar í miðja ána eftir henni miðri í svokallað Smiðjuvað. [...] Frá Smiðjuvaði er markarlína milli Tungu og Hlíðar í beina línu í Geit-hamragilsbotn við Vesturá (Ytriá). Að vestan og sunnan ráða mörkum Vesturá (Ytriá) þar sem hún rennur milli jarðanna Tungu og Stóra-Háls og Litla-Háls og Torfastaða þar til hún rennur í Þverá, sem eftir það heitir Tunguá. Eftir það ræður Tunguá mörkum milli Tungu og Torfastaða allt til þess er hún rennur í Sogið. Að austan ræður Sogið (miðlína þess) merkjum upp á móts við áður nefnda Markalág.“⁶

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

⁵ Íslenskt fornbréfasafn, XI, 1915-1925, 414-415.

⁶ Ö-Tunga.

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Project Window Database view - Grímsnes-og Grafningshreppur Fornleifaskráning Object Browser X Group

206, Fjárhús, Arkeologiska object

Attributes Text Relations Geo Objects Documents Events

Attribute	Value
Id	206
Name	Fjárhús
Class	Arkeologiska object
Gömul númer	482:002
Minj_Id	2928-206
Sérheiti	
Bæjarnafn	Tunga
Jarðatal Johnsen	481
Flokkun	Búsetuminjar
Tegund	Tóft
Efni	Torf, qrjót, bárujárn
Lengd	24 meter
Breidd	14 meter
Hæð	1,3 metrar
Veggjahæð frá	1,0
Veggjahæð til	1,3
Breidd veggjar	1,5
Athugasemdir	Virðist vera eldri minjar undir
Umhverfi	Syðst í túninu þýft
Svæði	Tungutún
Túnakort	Túnakort 1918
Heimildir	Fornleifar í Grafningi 1998, bls 94.
Örnefnaskrá	Ö-Tunga, 2
Aldur frá	1900
Aldur til	1940
Skráning	RT-RKT
Mæling	Uppmæling
Dagur	18.03.2023
Horfin	Nei
Horfin_astæða	<None>
Hættumat	Mikil hættu
Hættuorso	<None>
Ástand	Vel greinanlegar fornleifar
Minjagildi	Mikið
Verkefni	Deiliskipulag Bíldsfelli I-Tunga
Verkefna nr	2928
Sveitarf	Grímsnes- og Grafningshreppur
Gróður	Gras
Friðað	Já
Friðlýst	Nei
Hlutverk	Fjárhús

Mynd 4. Skráningarform í Grímsnes- og Grafningshreppi, fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangsskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrir en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir jörðina Tungu. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Minjanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef finnst, til dæmis „Grænutóftir – Græuborgir [2928-216 / 217]“, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan

hornklofa er númer Minjastofnunnar og seinna númer er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Antikva yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Grímneshöfði og Grafningshreppi.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum. Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis hesthús [2928-214].

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Grímneshöfði og Grafningshrepps. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmynd. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar

undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki hafa tvær fornleifar horfið eða sjást ekki á yfirborði og eru því eingöngu þekktar af heimildum.

Mótvægisáðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögum að mótvægisáðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvað þarf að gera og með hvaða hætti.

Fornleifar á svæðinu



Mynd 5. Kort sem sýnir staðsetningu fornleifa innan skránnagsvæðis.

Tunga [481]

Samkvæmt *Landnámu* reisti landnámsmaðurinn í Grafningi sér bú að Bíldsfelli: „Þorgrímr bíldr, bróðir Önundar bílds nam lönd öll fyrir ofan Þverá ok bjó at Bíldsfelli.“⁷ Kirkja hefur líka risið þar snemma og er fyrst getið í málðaga frá því um 1220⁸ og síðan í *Vilchinsmálðaga* árið 1397 en þá er jörðin í eigu Skálholtsstóls.⁹ Sunnanverð landamerki Bíldsfells hafa frá fornu fari legið að jörðinni Tungu en hennar er fyrst getið í heimildum árið 1545 þegar Alexíus Pálsson gaf Ólafi Árnasyni jörðina þegar hann kvæntist Ragnhildi Þorsteinsdóttur. Tungu er þá metin 12 hundruð og er landamerkjum hennar lýst með svipuðum hætti og um 350 árum síðar.¹⁰ Árið 1553 seldi Ólafur Árnason svo Marteini Skálholtsbiskupi jörðina fyrir Hægindi í Grímsnesi og gaf 2 hundruð í milli.¹¹ Þegar *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var skrifuð árið 1706 var Tungu enn í eigu Skálholtsstóls og ábúandi var Ólafur Þórðarson: „Jarðardýrleiki er óviss, því jörðin tíundast öngvum. [...] Túnunum grandar vatn úr brekku, sem gjörir jarðföll þau að, menn efast hvort bæta megi.“¹² Samkvæmt lýsingu á Þingvalla- og Úlfljótsvatnssóknum árið 1840 var reisulegur bær í Tungu en landþröngt og heyskapur hægur.¹³ Í *Jarðatali* Johnsens árið 1847 var Tungu metin 30,3 hundruð, komin í bændaeign og bjó eigandinn sjálfur á jörðinni.¹⁴

Árin 1898-1900 bjuggu Jón Símonarson og Sigríður Guðmundsdóttir í Tungu en eftir þeirra ábúðartíð lagðist bærinn í eyði í tæplega tvo áratugi og stendur „Tunga eyðijörð“ á túnakorti frá árinu 1918.¹⁵ Tungu var nytjuð frá Bíldsfelli 1900-1919 en Guðmundur Þorvaldsson og Guðríður Finnbogadóttir keyptu báðar jarðir árið 1910. Fjölskyldan bjó að Bíldsfelli til ársins 1950. Tungu komst aftur í ábúð 1919 og bjuggu þar þrjár mismunandi fjölskyldur á fyrri hluta 20. aldar.¹⁶ Að sögn Árna Þorvaldssonar í Bíldsfelli bjó afi hans, Sigurður Þorvaldsson, bróðir

⁷ *Íslensk fornrit*, I, 1968, 388-390.

⁸ *Íslenskt fornbréfasafn*, I, 1857-1876, 409.

⁹ *Íslenskt fornbréfasafn*, IV, 1897, 93.

¹⁰ *Íslenskt fornbréfasafn*, XI, 1915-1925, 414-415.

¹¹ *Íslenskt fornbréfasafn*, XII, 1923-1932, 533-534.

¹² Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1918-1921, 387-388.

¹³ Björn Pálsson, 1979, 182, 187.

¹⁴ Johnsen, 1847, 73.

¹⁵ *Sunnlenskar byggðir*, III, 1983, 270; *Túnakort fyrir Tungu eyðijörð, Grafningshreppi*, 1918.

¹⁶ Ö-Tunga.

Guðmundar í Bíldsfelli, lengi í Tungu en Sigurður keypti landið um miðja 20. öld. Tunga var formlega skilgreind sem hluti af Bíldsfelli I með landaskiptum árið 1974.¹⁷



Mynd 6. Rask við íbúðarhús sem flutt var í Tungu um 1980. H.m. sést niðurgroftur sunnan hússins.

Núna stendur norðvestan í túninu gamalt bárujárnsklætt íbúðarhús sem flutt var úr Hafnarfirði upp úr 1980. Að sögn Jóns Sigurðssonar sem ættaður er úr Bíldsfelli, hugðust foreldrar hans, Hulda Guðmundsdóttir og Sigurður Jónsson, nota það sem sumarhús. Aldrei varð af búsetu í þessu húsi en allmikið rask er í túninu fast suðaustan og sunnan þess, meðal annars niðurgreftir og hóll sem líklega hefur verið uppmokstur frá grunni hússins áður en því var komið fyrir. Þetta eru þó allt nýlegar minjar sem ekki teljast fornleifar en gamli bærinn var staðsettur hinum megin og sunnan í túninu.

¹⁷ Grímsnes- og Grafningshreppur: Deiliskipulag: Frístundahúsabyggð Bíldsfell 1 – land 1, 2022.




Mynd 7. Rask frá því að húsi var komið fyrir norðan í Tungutúni um 1980. V.m. er hóll sem líklega hefur myndast með uppmokstri og h.m. niðurgröftur með tveimur yfirgrónum viðargrunnum eða pöllum.

Tunga – bæjarstæði [2928-205] tóft – húsgrunnur


Við gerð túnakorts árið 1918 var Tungutúnið 5,6 ha. og samanburður við loftmynd sýnir að lögun þess hefur haldist svipuð. Á túnakortinu kemur fram að Tunga var í eyði og enginn bær er merktur inn en stórt timburhús sýnt sunnarlega í túninu.¹⁸ Í örnefnalýsingu virðist gert ráð fyrir að bærinn hafi verið staðsettur suðvestan megin í túni: „Bærinn stóð syðst og vestast á sléttunni. Vestast er túnið brött brekka en suður frá bænum er aflíðandi brekka og neðan hennar túnflöt.“¹⁹ Túnið liggur hærra en landið að vestan og sunnan þannig að þar er brött brekka niður, brattari að vestan en að sunnanverðu nær það niður brekkuna og liggur þar gamall akstursvegur [210].

¹⁸ Túnakort fyrir Tungu eyðijörð, Grafningshreppi, 1918.

¹⁹ Ö-Tunga.



Mynd 8. Túnakort fyrir Tungu eyðijörð frá árinu 1918. Lögum túnsins hefur haldist.



Mynd 9. Kort sem sýnir fornleifar í bæjarhólnum: bæjarstæði [205], kálgarður [208], traðir [209] og fjárhús [206].



Mynd 10. Tóft eða grunnur frá Tungubænum [205]. Bæjarstæðið allt er mjög þýft.

Bæjarhóllinn er greinilegur syðst á túnhæðinni og virðist vera óhreyfður. Þar er tóft eða öllu heldur húsgrunnur, með stefnu norðvestur – suðaustur og um 20 x 14 m að utanmáli. Eiginleg vegghleðsla sést einungis að norðanverðu þar sem hún liggur í vinkel, varðveitt upp í um 1 m hæð, veggjabreidd um 1 m. Hún er vel yfirgróin og sér hvergi í hleðslugrjót. Að öðru leyti virðist fremur sem þarna sé um að ræða niðurgrafinn húsgrunn sem skiptist í stærra rými að vestan og minna rými að austan. Norðurendi stærra grunnsins nær upp að vegghleðslunni og mjög greinilegur kantur er meðfram honum að vestanverðu upp í um 0,3 m hæð. Að sunnan afmarkast bæjargrunnurinn af niðurgröfnum kálgarði [2928-208]. Austan megin nær tröðunum [209] eða veginum virðist vera minna rými en það er ógreinilegt. Kannski hefur inngangur verið um þetta rými þótt þess sjáist ekki lengur merki. Samkvæmt frásögn Steingríms Gíslasonar bónda á Torfastöðum var stór hluti bæjarins þiljaður og byggður úr

timbri.²⁰ Mögulega gæti það þá verið ástæðan fyrir því að ekki hefur varðveist meira af eiginlegum vegghleðslum.

Þær minjar sem sjást á yfirborði í þessum bæjarhól eru líklega ekki mjög gamlar, kannski um hundað ára. Bæjarstæðið hefur þó líklega verið þarna frá upphafi en gæti hafa flust örlítið til. Eftir um 500 ára búsetu má ætla að fleiri minjar leynist undir sverði þannig að það hefur mikið minjagildi. Minjarnar eru innan skipulagssvæðisins og eru því í hættu en gert er ráð fyrir 15 m fjarlægðarmörkum frá sjálfri bæjartóftinni í samræmi við lög um menningarminjar. Bæjarhóllinn er hins vegar töluvert stærri en minjar sem sjást á yfirborði væri æskilegt að færa mörkin utar.



Mynd 11. Horft suðaustur og niður eftir kálgarði [208] frá bæjargrunninum [205].

²⁰ Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1998, nr. 481:001.

Kálgarður [2928-208]

Fast sunnan bæjargrunnsins [205] liggur gamall tvískiptur kálgarður [2928-208] í halla suðaustur að tröðum [209] sem afmarka hann. Hlaðinn traðarveggur myndar auk þess girðingu eða garðvegg að austan. Eystri hluti garðsins nær þétt að suðurgafli bæjargrunnsins, niðurgrafinn meðfram honum og sýnir mörk hans. Þessi hluti kálgarðsins liggur um 0,2 m lægra en kantarnir meðfram honum að norðan og vestan. Vestri hluti hans liggur örlítið hærra en er þó einnig svolítið niðurgrafinn þannig að kantar upp eru meðfram honum að norðan og vestan. Enn sér greinilega móta fyrir beðum í kálgarðinum. Hann er væntanlega frá síðasta búsetuskeiði Tungubæjarins og hefur einkum gildi sem hluti af bæjarhólnum. Hann er innan skipulagssvæðisins en gert er ráð fyrir 15 m fjarlægðarmörkum þannig að hann ætti ekki að vera í hættu.



Mynd 12. Bæjartraðirnar [209] í sveig meðfram kálgarði [208] (t.h.) neðan bæjar [205].

Fjárhús [2928-206] tóft

Mynd 13. Horft austur yfir fjárhúsið [206].

Húsið sem sýnt er á túnakorti virðist hafa sömu staðsetningu og tóft af stóru fjárhúsi um 4 m austan eða norðaustan við bæjarstæðið. Í örnefnalýsingu segir: „Skammt austan við bæinn voru fjárhús.“²¹ Tóftin hefur stefnu norðaustur – suðvestur og er alls um 14 x 9 m að utanmáli. Veggir eru mjög grasi grónir, hlaðnir úr torfi og grjóti og er mesta hleðsluhæð að utanverðu um 1,3 m. Breidd útveggja er 1-2 m. Tóftin skiptist í þrjú rými. Stærst er sjálft fjárhúsið, um 7 x 8 m að innanmáli og liggja tveir garðar eftir því endilöngu; þröngt hefur verið meðfram veggjum en rúmbetra í miðjunni milli garða. Mjög þýft er á botni fjárhússins og er þar væntanlega hrun úr veggjum og þaki. Tóftin opnast í suðvestur og sjást engar leifar af gaffli en hann gæti hafa verið úr timbri. Við suðurhorn fjárhússins, fyrir enda syðri útveggjar, er lítið

²¹ Ö-Tunga.

hólf, um 4 x 2 m að innanmáli, veggjahæð mest 0,7 m og sést greinilega í grjóthlaðna vegg að innanverðu. Bárujárnsleifar eru á botninum sem er líka mjög ójafn, líklega vegna þakhruns. Innangengt virðist hafa verið í þetta rými úr fjárhúsinu. Þarna gæti hafa verið skemma.



Mynd 14. Litla rýmið við suðurhorn fjárhússins [206] hefur kannski verið skemma.

Fyrir austurgafli fjárhússins er stór hlaða, alls um 7 x 4 m að innanmáli. Hún er afar niðurgrafin þannig að um 1,2 m hæðarmunur er frá botni hennar upp að botni fjárhússins en um 2 m upp í mestu varðveittu hleðsluhæð veggja að innanverðu. Grjóthlaðnir veggir sjást greinilega að innanverðu. Á gólfinu liggja bárujárns- og viðarleifar sem líklega hafa hrunið úr þakinu og einnig nýlegra rusl. Inngangur er ekki sýnilegur en ætla má að hlerar hafi verið milli hlöðunnar og fjárhússins. Að sögn Steingríms Gíslasonar bónda að Torfastöðum var

fjárhús þetta notað allt fram um 1943-1944.²² Árni Þorvaldsson að Bíldsfelli staðfesti að notkun hefði haldið áfram að minnsta kosti svo lengi.

Fjárhúsið er varla mikið meira en hundað ára gamalt og tóftin ágætlega varðveitt. Hún hefur bæði nokkurt minjagildi og upplifunagildi. Eins og bæjartóftin [205] lendir hún á milli lóða í nýju skipulagi en gert er ráð fyrir 15 m fjarlægðarmörkum þannig að hún ætti ekki að vera í hættu.



Mynd 15. Horft norðvestur yfir hlöðu fjárhússins [206].

²² Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1998, nr. 481:002.



Mynd 16. Horft suðaustur til fjárhústóftar [206] t.v. og bæjarstæðis [205] t.h.

Traðir [2928-209] gata

Í örnefnalýsingu segir: „Í suðvestur frá bæjarstæðinu liggja hlaðnar og grasi grónar Traðir að uppsprettulind, sem á upptök vestan við túnið.“²³ Traðirnar sjást enn mjög skýrt, byrja á milli bæjar [205] og fjárhúss [206] og liggja síðan suður og suðvestur í sveig niður meðfram sunnanverðri brekkunni þar sem kálgarðarnir eru og áfram að litlum læk neðan brekkunnar. Þangað var sótt vatn að sögn Árna Þorvaldssonar í lindina á hægri hönd þegar komið var niður. Traðirnar eru um 2 m á breidd og hlaðnir traðarveggir meðfram þeim að hluta. Greinilegur hlaðinn veggur er upp við austurhlið kálgarðsins en meðfram honum suðaustanverðum virðist vestri veggurinn vera niðurgrafinn fremur en hlaðinn. Eystri traðarveggurinn er greinilega hlaðinn upp í um 0,6 m hæð, mesta breidd um 0,8 m. Traðarveggirnir eru vel grónir grasi og sést ekkert hleðslugrjót. Traðirnar frá bæ niður brekkuna eru alls um 61 m að lengd.

²³ Ö-Tunga; Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1998, nr. 481:007.



Mynd 17. Traðirnar [209] liggja milli bæjarstæðis [205] og fjárhústóftar [206].



Mynd 18. Horft niður eftir bæjartröðum [209]. Að austan (v.m.) er skarð í traðarveggnum.

Ógreinilegt aksturspor liggur síðan vestur yfir smálækinn fyrir neðan og heldur áfram handan hans, ef til vill í átt að Bíldfellsvaði sem á að hafa verið á Tunguá skammt frá þar sem Heimaá sameinast henni. Ofarlega í eystri traðarveggnum er skarð eða op og hefur annar vegur [210] mögulega sameinast þeim þar úr austri. Þá má óljóst sjá vegarspor liggja frá tröðunum yfir túnið vestanvert, líklega eftir traktor. Bæjartraðirnar í Tungu hafa töluvert minjagildi. Þær eru innan skipulagssvæðisins við lóð 12 en gert er ráð fyrir 15 m fjarlægðarmörkum þannig að þær ættu ekki að vera í hættu.



Mynd 19. Bæjartraðirnar [209] í Tungu.



Mynd 20. Vatn var sótt í læk neðan traða [209]. Handan hans liggur akstursspor.

Leið [2928-210] vegur

Gamall akstursvegur liggur neðan við túnbrekkuna suðaustanverða og síðan upp meðfram henni að austan en þar hefur hann verið ruddur inn í brekkuna eða hlaðið undir hann. Sporið liggur upp að tóft [213] við túngarð [211] og virðist þar fjara út. Vegurinn er varla ýkja gamall eða alla vega ekki eldri en frá fyrri hluta 20. aldar og er sennilega ekki um fornleifar að ræða. Hann hefur því ekki mikið minjagildi. Vegurinn er í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda en gert er ráð fyrir nýju vegarstæði þar sem hann liggur. Hann hefur hins vegar verið mældur upp og ætti uppmæling að duga þannig að ekki þurfi að gera frekari ráðstafanir.



Mynd 21. Horft suður eftir vegi [210] sem liggur niður með túnbrekkunni austan í túninu.



Mynd 22. Vegur [210] liggur niður austan í túnbrekkunni.



Mynd 23. Horft vestur eftir túngarðinum [211].

Túngarður [2928-211] garðlag

Miðað við túnakortið frá 1918 hefur verið girt í kringum allt túnið með túngarði og girðingu.²⁴ Túngarður er enn mjög greinilegur norðan og norðaustan við túnið, um 1 m á breidd og 0,4-0,6 m að hæð að innanverðu en mest 1 m að utanverðu í vesturendanum því túnið liggur víðast hvar hærra en landslagið í kring. Hann er allur grasi vaxinn og hleðslugrjót hvergi sýnilegt. Líklega er svona vel gróið yfir það nema garðurinn hafi eingöngu verið hlaðinn úr torfi en ef svo er gæti hann verið nokkuð gamall. Hann er vel varðveittur og heillegastur næst bárujárnsklædda húsinu á um 180 m kafla og liggur þaðan í sveig austur í átt að hesthústóft. Þegar austar dregur verður hann útflattur og ógreinilegur þannig að erfitt er að sjá skýrar

²⁴ Túnakort fyrir Tungu eyðijörð, Grafningshreppi, 1918; Orri Vésteinsson og Sædis Gunnarsdóttir, 1998, nr. 481:016.

útlínur. Miðað við túnakortið virðist líklegt að þarna hafi ekki verið eiginlegur hlaðinn garður heldur fremur girðingarstæði og girðing. Garðlag sést þó upp við og meðfram hesthústóft [225] en slitnar sundur milli hennar og tóftar [219] nokkru austar. Leifar þess sjást beggja megin við litlu tóftina. Síðan er op á garðinum áður en kemur að annarri tóft [212] um 6 m austar og gæti þar hafa verið hlið.



Mynd 24. Horft niður eftir suðausturenda túngarðsins [211]. T.h. upp við hann sést tóft frá aðhaldi [213]. Fjærst t.v. sést annar garður sem virðist koma sem framhald neðan brekku en hann er utan svæðis.

Túngarðurinn heldur áfram um 60 m í suðaustur frá eystri litlu tóftinni [212] niður hallandi túnbrekku. Bæjartúnið allt er á hæð og nær nokkuð niður fyrir hana. Austurendi túngarðsins fjarar út í brekkunni og við tekur stórpýfi en neðan hennar liggur annar túngarður suðaustur að Tunguá og virðist nánast koma sem framhald af túngarðinum við Tungutún. Þeir hlutar túngarðsins sem varðveittir eru heillegir vestan og austan hesthússins hafa nokkurt minjagildi, einkum vestri hlutinn. Þeir eru inni á skipulagssvæðinu og er vestri hlutinn í mikilli hættu en

Lóðir 1 og 3 lenda ofan á honum. Eystri hlutinn er milli lóðar 10 og 8 en gætt er að 15 m fjarlægðarmörkum þannig að hann ætti ekki að vera í hættu.



Mynd 25. Horft inn í hesthústóft [214].

Hesthús [2928-214] tóft

Á túnakorti er sýnd tóft af nokkuð ferningslaga útihúsi í túnjaðrinum.²⁵ „Austast á túninu stóð hesthús“²⁶ segir í örnefnalýsingu. Hesthústóftin er í norðausturjaðri túnsins, hlaðinn innan með túngarðinum og ná veggir mest um 1 m hæð að innanverðu en um 1,3 m að utanverðu. Tóftin er opin í austur, um 5 x 7 m að utanmáli og 3,5 x 4 m að innanmáli. Við fornleifaskráningu 1998 segir að járnþak á húsinu hafi hrunið og að enn liggi sperrur og bárujárn ofan í tóftinni. Þetta er horfið nema hvað örlitlar bárujárns- og viðarleifar sjást

²⁵ Túnakort fyrir Tungu eyðijörð, Grafningshreppi, 1918.

²⁶ Ö-Tunga.

nokkuð fyrir framan hesthústóftina í og við tvær litlar tóftir [219 / 212] suðaustan hennar. Árið 1998 var verið að byggja við tóftina eins konar hestagirðingu.²⁷ Hún er horfin en þessi framkvæmd hefur ef til vill raskað hesthústóftinni og benda þústir fyrir framan hana til hruns.



Mynd 26. Horft austur yfir hesthústóft [214].

Tóftin hefur nokkurt minjagildi og upplifunargildi. Hún er innan skipulagssvæðisins og lenda lóðir 10 og 8 sín hvoru megin við hana en gert er ráð fyrir 15 m fjarlægðarmörkum þannig að hún ætti ekki að vera í hættu.

Aðhöld [2928-219 / 212] tóftir

Um 4 m austur af hesthústóft [214] er lítil tóft [219], byggð inn í túngarðinn þannig að hún opnast út frá honum. Leifar túngarðsins liggja út frá hornum hennar beggja vegna. Önnur svona lítil tóft [212] er um 4 m lengra í suðaustur, einnig byggð inn í túngarðinn og opnast út frá honum. Tóftirnar eru báðar um 3 x 3 m að utanmáli og er örlítið bárujárns- og viðarrusl í

²⁷ Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1998, nr. 481:003.

kringum þær sem bendir til að þær séu ekki mjög gamlar.²⁸ Veggir á þessum tóftum bunga aðeins örlítið upp úr túninu í kring, 0,1-0,2 m, þannig að þær eru nánast samlagaðar því og fremur ógreinilegar. Hleðslugrjót sést ekki nema hvað einn steinn er í horni tóftar [219] næst hesthúsinu. Líklega hafa þetta verið aðhöld fyrir kindur eða lömb. Tóft [212] gæti verið að hrútakofa sem samkvæmt Árna Þorvaldssyni í Bíldsfelli var staðsettur austan við bárujárnsklædda húsið. Þessar tvær tóftir hafa takmarkað minjagildi nema sem hluti túngarðsins og minjaheildarinnar í Tungu. Þær hafa ekkert upplifunargildi. Þær eru inni á skipulagssvæðinu en eru innan 15 m verndarmarka sem gert er ráð fyrir kringum hesthústóftina [214] og túngarðinn [211] og ættu því ekki að vera í hættu.



Mynd 27. Ógreinileg tóft [219] í forgrunni og hesthústóftin [214] fjær.

²⁸ Einungis suðeystri tóftin [212] var skráð 1998. Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1998, nr. 481:017.



Mynd 28. Tóft [212] fremst og hesthús [214] fjær. Á milli er tóft [219] v.m. við lágvaxið birki.



Mynd 29. Tóft [213] sem gæti verið frá kvíum upp við innanverðan túngarð.

Aðhald – kvíar [213] tóft

Þriðja tóftin [213] er um 45 m lengra suðaustur með túngarðinum, neðar í brekkunni, hlaðin upp við hann að innanverðan. Hún er um 5 m að lengd og er túngarðurinn látinn mynda vegginn að norðaustanverðu en veggjastubbar ná um 2 m inn frá honum og einnig sést smástubbur af veggnum suðvestan megin. Inngangur hefur verið við suðurhornið. Veggir eru ógreinilegir og einungis 0,1-0,2 m að hæð. Þarna gætu hafa verið kvíar eða aðhald. Tóftin hefur lítið minjagildi nema þá sem hluti túngarðsins og minjaheildarinnar í Tungu. Hún er inni á skipulagssvæðinu, milli lóðar 10 og vegarstæðis en gætt er að 15 m fjarlægðarmörkum þannig að hún ætti ekki að vera í hættu.

Útihús [2928-220] heimild

Á túnakorti er sýnt útihús norðan í túninu, rétt innan við túnjaðarinn.²⁹ Það hefur verið á þeim slóðum sem gamla bárujárnsklædda húsið er nú og hefur líklega horfið við raskið kringum það. Ekkert sést lengur af þessu húsi.

Mógrafir [2928-222 / 223] námur

Allnokkru norðan við Tungutún, miðja vegu milli þess og Grænutófta [216] og nokkurn veginn beint norður af hesthústóftinni [225], er þýfð grasi gróin kvos sem liggur í skeifu. Þurrara er vestan megin í henni en austan megin er blautlendi og mótar fyrir mógröfum [222].³⁰ Þær eru inni á skipulagssvæðinu, þar sem fyrirhugaður er vegur vestan við lóð 14 og eru því í hættu. Uppmæling ætti að vera fullnægjandi þannig að ekki þurfi að gera frekari ráðstafanir.

²⁹ *Túnakort fyrir Tungu eyðijörð, Grafningsshreppi*, 1918; Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1998, nr. 481:015

³⁰ Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1998, nr. 481:009.



Mynd 30. Þurrara svæði er vestan mógrafa og gæti þar hafa verið torftekja.



Mynd 31. Mógrafir [223] eru norðan við Tungutún.

Stöðull – kvíar [2928-221] heimild

Í örnefnalýsingu segir: „Ofan við túnið vestan við Tunguheiði er harðvellis-bali, sem nefnist Stöðull, en norður af honum tekur við melur, sem heitir Tungumelur og nær hann upp að Mjóasundi.“³¹ Samkvæmt örnefnakorti er Stöðullinn á harðvellisbala norðvestur af steypa húsinu sem nú er í Tungu.³² Mögulega hefur stöðullinn verið í grennd við Grænutóftir [216 / 217]. Ekki sést þó til neinna minja á yfirborði.

Grænutóftir – Græuborgir [2928-216] tóftahóll, [2928-217] tóft og leið [2928-218] gata

Mynd 32. Tóftahóll [216] þar sem heita Grænutóftir eða Græuborgir. Horft austur.

Í örnefnalýsingu segir: „Norðan og austan við túnið er Tunguheiði, nær hún til norðurs að Mjóasundi, en þar eru mörk milli Tungu og Bíldsfells. Mjóasund liggur með heiðarbrúninni

³¹ Ö-Tunga.

³² Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1998, nr. 481:012

vestur að Útsundi austan frá Grænutóftarsundi, sem nær frá Mjóasundi niður að Tungumýri. Vestan Grænutóftarsunds og austast á Tunguheiði er grasivaxinn hól, með leifum af húsatóftum, sem nefnist Græuborgir, sker hann sig vel úr umhverfinu fyrir hvað fagurgrænn hann er.³³ Þarna er vitnað í landamerkjalyýsingu frá 1890 þannig að örnefnið Grænutóftarsund hefur verið til svo snemma og vitnar um hústöftir á staðnum. Grænutóftir eða Græuborgir eru eldra nafn á þessum hól [216] en heimamenn nefna hann nú Grænhól. Hann er í miðjum móa norður af mógröfum [222 / 223], mjög gróinn grasi og vafalaust fagurlega grænn um sumur. Að sögn Árna Þorvaldssonar í Bíldsfelli hefur verið talið að þarna væri forn haugur og var borað í hann fyrir allöngu síðan til að athuga málið en ekkert fannst.



Mynd 33. Tóftarleifar ofan í hólnum [216].

³³ Ö-Tunga.

Hóllinn er um 1,3-1,5 að hæð, kúptur upp í miðju, um 6 x 4 m að utanmáli, en aflíðandi út til hliða og því töluvert meiri að umfangi og nokkuð aflangur. Hann er augljóslega manngerður, mjög þýfður, og virðist mega sjá óljós tóftarbrot ofan í honum. Að sunnanverðu má auk þess má greina veggjarbrot [217], um 3 m að lengd, með stefnu vestur – austur, og smástubb sem liggur í suður frá vesturendanum. Vestanvert eru þúfur og gætu þar líka leynst minjar. Mjög þýft og grasi gróið er á öllu svæðinu sunnan og vestan megin við hólinn. Leifar sjást einnig af gamalli leið [218] sem liggur fast vestur fyrir Grænutóftir.



Mynd 34. Grænuborgir – Grænutóftir. Tóftahóll [216], kúptur í miðju en aflíðandi til hliða.

Við fornleifaskráningu árið 1998 var talið líklegast að þarna hafi verið fjárborg eða stekkur.³⁴ Nafnið Grænuborgir bendir til fjárborgar en ekki er þó heldur útilokað að staðurinn geymi minjar um lítið býli. Þarna eru auglýnilega gamlar minjar sem hafa mikið gildi sem slíkar. Þær eru innan skipulagssvæðisins við lóð 19 en gert er ráð fyrir 15 m fjarlægðarmörkum frá þeim og sú kvöð sett á lóðina að gæta þurfi að þeim. Minjarnar ættu því ekki að vera í hættu þrátt fyrir framkvæmdir.

³⁴ Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1998, nr. 481:011.



Mynd 35. Sunnan við tóftahólinn [216] má óljóst greina veggjabrot [217].



Mynd 36. Þúfur austan við tóftahólinn [216].



Mynd 37. Gömul leið [218] liggur vestur fyrir Grænutóftir [216 / 217].



Mynd 38. Kort sem sýnir staðsetningu Grænutófta.

Samantekt og niðurstöður

Skráðar voru 19 fornleifar og sjást 17 þeirra á yfirborði. Tvær fornleifar eru horfnar. Allar minjarnar eru innan vestri hluta skipulagssvæðisins og eru í mikilli hættu. Engar minjar fundust í eystri hluta svæðisins í Ferjuholti.

Flestar minjar eru í hinu gamla túni bæjarins Tungu. Sunnan í túninu er gamalt bæjarstæði [205] með sýnilegri vegghleðslu og niðurgrofnum grunni, kálgarður [208], bæjartraðir [209] með hlöðnum traðarveggjum og fjárhús [206] með áfastri hlöðu og skemmu. Þetta eru allt sýnilegar minjar í eða við bæjarhólinn. Þær hafa nokkurt minjagildi en eru líklega frá síðasta búsetuskeiði Tungu og því varla mjög gamlar eða ekki meira en um hundrað ára og vitað er að fjárhúsið var notað fram um miðja 20. öld. Hins vegar greina heimildir frá ábúð í Tungu allt frá árinu 1545 þannig að gera má ráð fyrir að eldri minjar leynist undir yfirborði. Bæjarstæðið hefur líklega verið á svipuðum slóðum frá upphafi en gæti líka hafa flust til. Í deiluskipulagi er gert ráð fyrir að lóðareitir 4, 6 og 12 umkringi minjarnar en að lóðamörkum sé haldið í hæfilegri fjarlægð í samræmi við lög um menningarminjar sem kveða á um að umhverfis fornleifar skuli vera 15 m friðhelgað svæði.³⁵ Bæjarhólinn sjálfur nær þó yfir stærra svæði en sýnilegar tóftir og hleðslur og væri æskilegt að færa lóðamörkin fjær honum, að minnsta kosti í norður.

Norðan með túninu er varðveittur gamall túngarður [211] sem hefur bæði minjagildi og nokkurt upplifunargildi. Hann er annað hvort alveg yfirgróinn eða hlaðinn úr torfi eingöngu. Miðað við deiluskipulag munu lóðir 1 og 3 fara yfir þennan túngarð. Ef varðveita á túngarðinn þarf að færa lóðarmörk fjær. Sé það ekki hægt kæmi einnig til greina að taka skurð til að athuga hvort þarna leynist eldri minjar. Minjastofnun Íslands ákveður hvað þarf að gera.

Í austurjaðri túnsins er tóft sem talin hefur verið af hesthúsi [214] byggð utan í smábrot af túngarðinum. Hún er heilleg og hefur nokkurt minjagildi. Samkvæmt skipulagi lendir hún á milli lóða 8 og 10 en gert er ráð fyrir 15 m fjarlægðarmörkum. Tóftin er varla mikið meira en hundrað ára gömul og hefur hesthúsið sennilega verið í notkun fram á 20. öld eins og

³⁵ Lög um menningarminjar nr. 80, 2012, 22. gr.

fjárhúsið. Ef lóðarmörkum er haldið í hæfilegri fjarlægð eins og gert er ráð fyrir í skipulagi ætti það að nægja. Austan og suðaustan við hesthústöftina eru tvær ógreinilegar tóftir [219 / 212] byggðar inn í túngarðinn og eru líklega af aðhöldum. Kringum þær eru svolitlar leifar af bárujárni og timbri. Sennilega eru þessar minjar ekki heldur mjög gamlar og vegna þess hve varðveislan er léleg hafa þær lítið minjagildi. Tóftirnar eru innan verndamarka miðað við skipulagið og ætti því að vera óhætt, auk þess sem uppmæling er fullnægjandi. Hér ætti því ekki að þurfa að gera frekari ráðstafanir. Frá tóft [212] liggur túngarðurinn áfram suðaustur niður brekku um 60 m og er þriðja tóftin [213] sem gæti verið af kvíum byggð við innanverðan suðausturendann. Túngarðurinn hefur nokkurt minjagildi en er þó ekki eins stæðilegur og vestri hlutinn. Minjarnar eru milli lóðar 10 og vegar en gætt er að 15 m fjarlægðarmörkum þannig að þær ættu ekki að vera í hættu. Vegur [210] sem liggur niður brekkuna frá tóft [213] er við mörk skipulagssvæðisins, milli lóðar 10 og vegar en gætt að fjarlægðarmörkum. Þetta er gamall akstursvegur, líklega frá nytjunartíma jarðarinnar á 20. öld og er því sennilega ekki um fornleifar að ræða. Hann hefur verið mældur upp og ætti það að nægja.

Mógrafir [222 / 223] eru varðveittar á svæði norðaustan við Tungutún og ætti uppmæling þeirra að nægja þannig að ekki þurfi frekari ráðstafanir. Norðan við mógrafirnar eru svokallaðar Grænuborgir eða Grænutóftir, manngerður hóll [216], einnig nefndur Grænhóll, með ógreinilegum veggjaleifum [217] og liggur leið [218] vestur fyrir hann. Þarna gæti mögulega hafa verið fjárborg eða lítið býli. Ljóst er að þetta eru gamlar minjar sem gætu haft mikið gildi sem slíkar. Þær eru innan skipulagssvæðisins við lóð 19 en höfð 15 m fjarlægðarmörk í kringum þær í samræmi við lög um menningarminjar og kvöð á lóðinni að gætt sé að minjunum. Þær ættu því ekki að vera í hættu.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Heimildir

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1918-1921). *Jarðabók: Árnessýsla (II)*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

Birna Lárusdóttir. (2018). *Endurskoðun fornleifaskráningar í Grímsnesi og Grafningi með viðbótum við eldri fornleifaskrá*. FS683-16141. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Björn Pálsson. (1979). Þingvalla- og Úlfljótuvatnssóknir. *Árnessýsla, sýslu- og sóknalýsingar*. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Sögufélag. Bls. 171-192.

Grímsnes- og Grafningshreppur: Deiliskipulag: Frístundahúsabyggð Bíldsfell 1 – land 1. (2022). Landform landslagsarkitektar.

Íslenzkt fornbréfasafn, I. (1857-1876). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Íslenzkt fornbréfasafn, IV. (1897). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Íslenzk fornrit, XI. (1950). Jón Jóhannesson sá um útgáfuna. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Íslenzk fornrit, XII. (1954). Einar Ólafur Sveinsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn.

Lög um menningarminjar nr. 80. (2012, 29. júní). Sótt 1. apríl 2023 á:
<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>.

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1998). *Fornleifar í Grafningi: Nesjar, Hagavík, Krókur, Villingavatn, Bíldsfell, Tunga, Hlíð, Stóri-Háls, Litli-Háls og Torfastaðir*. FS069-98181. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir. (2022). *Bíldsfell: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags*.

Sunnlenskar byggðir, III. (1983). Páll Lýðsson sá um útgáfuna. Selfoss: Búnaðarsamband Suðurlands, 1983.

Túnakort fyrir Tungu eyðijörð, Grafningshreppi. (1918).

Árnastofnun – Örnefnasafn

Ö-Tunga: Örnefnalýsing Tungu. (1990). Þóra Guðmundsdóttir (f. 1919) skráði. Þóra ólst upp að Bíldsfelli en foreldrar hennar keyptu jörðina ásamt Tungu árið 1910 og bjó fjölskyldan þar til 1950. Hún lærði örnefnin af foreldrum sínum og eldri syskinum.



Bíldsfell I - Tunga
Fornleifaskráning vegna
deiliskipulags

Yfirlitskort


0 100 200 m



Kort
nr. 1

Antikva ehf.
Kortagerð: RT

Skráning: RKT, apríl 2023
Verkefnanúmer MÍ: 2928



Bíldsfell I - Tunga Fornleifaskráning vegna deiliskipulags	Bæjarstæði 0 10 20 m		Antikva ehf. Kortagerð: RT
		Kort nr. 2	Skráning: RKT, apríl 2023 Verkefnanúmer MÍ: 2928



Bíldsfell I - Tunga Fornleifaskráning vegna deiliskipulags	Grænhóll 0 10 20 m	N	Antikva ehf. Kortagerð: RT
		Kort nr. 3	Skráning: RKT, apríl 2023 Verkefnanúmer MÍ: 2928



Bíldsfell I - Tunga Fornleifaskráning vegna deiliskipulags	Hesthús 0 10 20 m		Antikva ehf. Kortagerð: RT
		Kort nr. 4	Skráning: RKT, apríl 2023 Verkefnanúmer MÍ: 2928

Nr.	2928-205	Bæjarnafn	Tunga	Gömul nr.	481:001	Jarðatalsnr.	481
Svæði	Tungutún	Sveitafélag	Grímsnes- Grafningsshr.	Dag.	18.03.2023	Skráning	RKT-RT
Tegund	Bæjarstæði	Hlutverk	Býli	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti	Tunga	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Bíldsfell I-Tunga		
Ástand	Greinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök			
Aldur	1400-1950	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Torf og grjót		Umhverfi	Gras, systð í túninu.			
Lengd	19 m	Breidd	15 m	Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá	Ö-Tunga, 2.				
Mæling	Uppmæling		Heimildir	Fornleifar í Grafningi 1998, bls. 92-93.			
Isnet E	402283,221	Isnet N	395058,686				
Verkefna nr.	2898	Minjagildi		Mjög mikið			
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	Gert er ráð 15 m fjarlægðarmörkum				



Bæjarhóllinn er greinilegur syðst á túnhæðinni og virðist vera óhreyfður. Þar er tóft eða öllu heldur húsgrunnur, með stefnu norðvestur - suðaustur og um 20 x 14 m að utanmáli. Eiginleg vegghleðsla sést einungis að norðanverðu þar sem hún liggur í vinkel, varðveitt upp í um 1 m hæð, veggjabreidd um 1 m. Hún er vel yfirgróin og sér hvergi í hleðslugrjót. Að öðru leyti virðist fremur sem þarna sé um að ræða niðurgrafinn húsgrunn sem skiptist í stærra rými að vestan og minna rými að austan. Norðurendi stærra grunnsins nær upp að vegghleðslunni og mjög greinilegur kantur er meðfram honum að vestanverðu upp í um 0,3 m hæð. Að sunnan afmarkast bæjargrunnurinn af niðurgröfnum kálgarði [2928-208]. Austan megin nær tröðunum [209] eða veginum virðist vera minna rými en það er ógreinilegt. Kannski hefur inngangur verið um þetta rými þótt þess sjáist ekki lengur merki. Þær minjar sem sjást á yfirborði í þessum bæjarhól eru líklega ekki mjög gamlar, kannski um hundað ára. Bæjarstæðið hefur þó líklega verið þarna frá upphafi en gæti hafa flust örlítið til. (sjá skýrslu)

Nr.	2928-206	Bæjarnafn	Tunga	Gömul nr.	482:002	Jarðatalsnr.	481
Svæði	Tungutún	Sveitafélag	Grímsnes- Grafningsshr.	Dag.	18.03.2023	Skráning	RKT-RT
Tegund	Tóft	Hlutverk	Fjárhús	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Bíldsfell I-Tunga		

Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök			
Aldur	1900-1950	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Torf og grjót	Umhverfi	Syðst í túninu þýft				
Lengd	24 m	Breidd	14 m	Hæð	1,3 m	Hleðslu umferð	
Túnakort	Túnakort 1918	Örnefnaskrá	Ö-Tunga, 2				
Mæling	Uppmæling	Heimildir	Fornleifar í Grafningi 1998, bls 94.				
Isnet E	402307,009	Isnet N	395078,044				
Verkefna nr.	2898	Minjagildi	Mjög mikið (hluti af bæjarstæðinu)				
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisáðgerðir	Gert er ráð 15 m fjarlægðarmörkum				



Í örnefnalýsingu segir: „Skammt austan við bæinn voru fjárhús.“ Tóftin hefur stefnu NA - SV og er alls um 14 x 9 m . Veggir eru mjög grasi grónir, hlaðnir úr torfi og grjóti og er mesta hæð um 1,3 m. B. útveggja er 1-2 m. Tóftin skiptist í þrjú rými. Stærst er sjálft fjárhúsið, um 7 x 8 m að im. og liggja tveir garðar eftir því endilöngu.. Tóftin opnast í SV og sjást engar leifar af gaffli en hann gæti hafa verið úr timbri. Við suðurhorn fjárhússins, fyrir enda syðri útveggjar, er lítið hólfi, um 4 x 2 m að innanmáli, veggjahæð mest 0,7 m og sést greinilega í grjóthlaðna vegg að innanverðu. Bárujárnsleifar eru á botninum sem er líka mjög ójafn, líklega vegna þakhruns. Innangengt virðist hafa verið í þetta rými úr fjárhúsinu. Þarna gæti hafa verið skemma.Fyrir austurgaffli fjárhússins er stór hlaða, alls um 7 x 4 m að innanmáli. Hún er afar niðurgrafin þannig að um 1,2 m hæðarmunur er frá botni hennar upp að botni fjárhússins en um 2 m upp í mestu varðveittu hleðsluhæð veggja að innanverðu. Grjóthlaðnir veggir sjást greinilega að innanverðu. Á gólfinu liggja bárujárns- og viðarleifar sem líklega hafa hrunið úr bakinu og niðurstætt.

Nr.	2928-208	Bæjarnafn	Tunga	Gömul nr.	Ekki skráð	Jarðatalsnr.	481
Svæði	Tungutún	Sveitafélag	Grímsnes- Grafningsshr.	Dag.	18.03.2023	Skráning	RKT-RT
Tegund	Garðlag	Hlutverk	Kálgarður	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Bíldsfell I-Tunga		

Ástand	Greinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök			
Aldur	1900-1940	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Torf	Umhverfi	Fyrir neðan bæjarstæðið í halla.				
Lengd	27,3	Breidd	13,1	Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá	Ö-Tunga, 2				
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	402284,041	Isnet N	395039,072				
Verkefna nr.	2898	Minjagildi	Mjög mikið (hluti af bæjarstæðinu)				
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	Gert er ráð 15 m fjarlægðarmörkum				



Fast sunnan bæjargrunnsins [205] liggur gamall tvískiptur kálgarður [2928-208] í halla suðaustur að tröðum [209] sem afmarka hann. Hlaðinn traðarveggur myndar auk þess girðingu eða garðvegg að austan. Eystri hluti garðsins nær þétt að suðurgafli bæjargrunnsins, niðurgrafinn meðfram honum og sýnir mörk hans. Þessi hluti kálgarðsins liggur um 0,2 m lægra en kantarnir meðfram honum að norðan og vestan. Vestri hluti hans liggur örlítið hærra en er þó einnig svolítið niðurgrafinn þannig að kantar upp eru meðfram honum að norðan og vestan. Enn sér greinilega móta fyrir beðum í kálgarðinum. Hann er væntanlega frá síðasta búsetuskeiði Tungubæjarins og hefur einkum gildi sem hluti af bæjarhólnum.

Nr.	2928-209	Bæjarnafn	Tunga	Gömul nr.	481:007	Jarðatalsnr.	481
Svæði	Tungutún	Sveitafélag	Grímsnes- Grafningsshr.	Dag.	18.03.2023	Skráning	RKT-RT
Tegund	Hleðsla	Hlutverk	Traðir	Flokkur	Samgönguminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Bíldsfell I-Tunga		
Ástand	Vel greinanlega fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök			
Aldur	1850-1950	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Troðningur		Umhverfi				
Lengd	61	Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá	Ö-Tunga, 2				
Mæling	Uppmæling		Heimildir				
Isnet E	402292,126	Isnet N	395037,041				
Verkefna nr.	2898	Minjagildi		Mjög mikið (hluti af bæjarstæðinu)			
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	Gert er ráð 15 m fjarlægðarmörkum				



Í örnefnalýsingu segir: „Í suðvestur frá bæjarstæðinu liggja hlaðnar og grasi grónar Traðir að uppsprettulind, sem á upptök vestan við túnið.“ Traðirnar sjást enn mjög skýrt, byrja á milli bæjar [205] og fjárhúss [206] og liggja síðan suður og suðvestur í sveig niður meðfram sunnanverðri brekkunni þar sem kálgarðarnir eru og áfram að litlum læk neðan brekkunnar. Þangað var sótt vatn að sögn Árna Þorvaldssonar í lindina á hægri hönd þegar komið var niður. Traðirnar eru um 2 m á breidd og hlaðnir traðarveggir meðfram þeim að hluta. Greinilegur hlaðinn veggur er upp við austurhlið kálgarðsins en meðfram honum suðaustanverðum virðist vestri veggurinn vera niðurgrafinn fremur en hlaðinn. Eystri traðarveggurinn er greinilega hlaðinn upp í um 0,6 m hæð, mesta breidd um 0,8 m. Traðarveggirnir eru vel grónir grasi og sést ekkert hleðslugrjót. Traðirnar frá bæ niður brekkuna eru alls um 61 m að lengd.

Nr.	2928-210	Bæjarnafn	Tunga	Gömul nr.	Ekki skráð	Jarðatalsnr.	481
Svæði		Sveitafélag	Grímsnes- Grafningsshr.	Dag.	18.03.2023	Skráning	RKT-RT
Tegund	Gata	Hlutverk	Leið	Flokkur	Samkomuminjar		
Sérheiti		Friðað	Nei	Verkefni	Deiliskipulag Bíldsfell I-Tunga		
Ástand	Greinanlegar minjar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök			
Aldur	1920-1960	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Slóði	Umhverfi					
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	402427,304	Isnet N	395096,384				
Verkefna nr.	2898	Minjagildi	Lítið				
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	Engar uppmæling ætti að vera fullnægjandi				



Gamall akstursvegur liggur neðan við túnbrekkuna suðaustanverða og síðan upp meðfram henni að austan en þar hefur hann verið ruddur inn í brekkuna eða hlaðið undir hann. Sporið liggur upp að tóft [213] við túngarð [211] og virðist þar fjara út. Vegurinn er varla ýkja gamall eða alla vega ekki eldri en frá fyrri hluta 20. aldar og er sennilega ekki um fornleifar að ræða. Hann hefur því ekki mikið minjagildi. Vegurinn er í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda en gert er ráð fyrir nýju vegarstæði þar sem hann liggur. Hann hefur hins vegar verið mældur upp og ætti uppmæling að duga þannig að ekki þurfi að gera frekari ráðstafanir.

Nr.	2928-211	Bæjarnafn	Tunga	Gömul nr.	481:016	Jarðatalsnr.	481
Svæði	Tungutún	Sveitafélag	Grímsnes- Grafningsshr.	Dag.	18.03.2023	Skráning	RKT-RT
Tegund	Garðlag	Hlutverk	Túngarður	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Bíldsfell I-Tunga		
Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök			
Aldur	1850-1930	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Torf og grjót	Umhverfi					
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Túnakort 1918	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	402432,740	Isnet N	395157,905				
Verkefna nr.	2898	Minjagildi	Mjög mikið				
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir					



Miðað við túnakortið frá 1918 hefur verið girt í kringum allt túnið með túngarði og girðingu. Túngarður er enn mjög greinilegur norðan og norðaustan við túnið, um 1 m á breidd og 0,4 -0,6 m að hæð að innanverðu en mest 1 m að utanverðu í vesturendanum því túnið liggur víðast hvar hærra en landslagið í kring. Hann er allur grasi vaxinn og hleðslugrjót hvergi sýnilegt. Líklega er svona vel gróið yfir það nema garðurinn hafi eingöngu verið hlaðinn úr torfi en ef svo er gæti hann verið nokkuð gamall. Hann er vel varðveittur og heillegastur næst bárujárnsklædda húsinu á um 180 m kafla og liggur þaðan í sveig austur í átt að hesthústóft. Þegar austar dregur verður hann útflattur og ógreinilegur þannig að erfitt er að sjá skýrar útlínur. Miðað við túnakortið virðist líklegt að þarna hafi ekki verið eiginlegur hlaðinn garður heldur fremur girðingarstæði og girðing. Garðlag sést þó upp við og meðfram hesthústóft [225] en slitnar sundur milli hennar og smátóftar [219]

Nr.	2928-212	Bæjarnafn	Tunga	Gömul nr.	481:017	Jarðatalsnr.	481
Svæði	Tungutún	Sveitafélag	Grímsnes- Grafningsshr.	Dag.	18.03.2023	Skráning	RKT-RT
Tegund	Tóft	Hlutverk	Aðhald/kvíar	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Bíldsfell I-Tunga		

Ástand	Greinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök	
Aldur	1850-1930	Horfin	Nei	Horfin ástæða	
Efni	Torf og grjót	Umhverfi			
Lengd	3,2	Breidd	3,0	Hæð	
		Hleðslu umferð			
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá			
Mæling	Uppmæling	Heimildir	Fornleifar í Grafningi 1998, bls 91-99.		
Isnet E	402419,329	Isnet N	395176,3		
Verkefna nr.	2898	Minjagildi	Lítið		
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	Gert er ráð 15 m fjarlægðarmörkum		



Um 4 m austur af hesthústóft [214] er lítil tóft [219], byggð inn í túngarðinn þannig að hún opnast út frá honum. Leifar túngarðsins liggja út frá hornum hennar beggja vegna. Önnur svona lítil tóft [212] er um 4 m lengra í suðaustur, einnig byggð inn í túngarðinn og opnast út frá honum. Tóftirnar eru báðar um 3 x 3 m að utanmáli og er örlítið bárujárns- og víðarrusl í kringum þær sem bendir til að þær séu ekki mjög gamlar. Veggir á þessum litlu tóftum bunga aðeins örlítið upp úr túninu í kring, 0,1 -0,2 m, þannig að þær eru nánast samlagaðar því og fremur ógreinilegar. Hleðslugrjót sést ekki nema hvað einn steinn er í horni tóftar [219] næst hesthúsinu. Líklega hafa þetta verið aðhöld fyrir kindur eða lömb. Þessar litlu tóftir hafa takmarkað minjagildi nema sem hluti túngarðsins og minjaheildarinnar í Tungu.

Nr.	2928-213	Bæjarnafn	Tunga	Gömul nr.	Ekki skráð áð.	Jarðatalsnr.	481
Svæði	Tungutún	Sveitafélag	Grímsnes- Grafningsshr.	Dag.	18.03.2023	Skráning	RKT-RT
Tegund	Tóft	Hlutverk	Aðhald/kvíar	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Bíldsfell I-Tunga		

Ástand	Greinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök			
Aldur	1850-1930	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Torf og grjót	Umhverfi	Byggt við túngarðinn, gras og þýft.				
Lengd	7,9 m	Breidd	3,0 m	Hæð	0,2 m	Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir	Fornleifar í Grafningi 1998, bls 91-99.				
Isnet E	402436,927	Isnet N	395147,255				
Verkefna nr.	2898	Minjagildi	Lítið				
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisáðgerðir	Gert er ráð 15 m fjarlægðarmörkum				



Þriðja tóftin [213] er um 45 m lengra suðaustur með túngarðinum, neðar í brekkunni, hlaðin upp við hann að innanverðan. Hún er um 5 m að lengd og er túngarðurinn látinn mynda vegginn að norðaustanverðu en veggjastubbar ná um 2 m inn frá honum og einnig sést smástubbur af veggnum suðvestan megin. Inngangur hefur verið við suðurhornið. Veggir eru ógreinilegir og einungis 0,1-0,2 m að hæð. Þarna gætu hafa verið kvíar eða aðhald. Tóftin hefur lítið minjagildi nema þá sem hluti túngarðsins og minjaheildarinnar í Tungu.

Nr.	2928-214	Bæjarnafn	Tunga	Gömul nr.	481:003	Jarðatalsnr.	481
Svæði	Tungutún	Sveitafélag	Grímsnes- Grafningsshr.	Dag.	18.03.2023	Skráning	RKT-RT
Tegund	Tóft	Hlutverk	Hesthús	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Bíldsfell I-Tunga		
Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök			
Aldur	1850-1950	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Torf, grjót og bárujárn	Umhverfi	Austast í túninu við túngarðinn, gras og þýft				
Lengd	7,0 m	Breidd	5,0 m	Hæð	1,3 m	Hleðslu umferð	
Túnakort	Túnakort 1918	Örnefnaskrá	Ö-Tunga.				
Mæling	Uppmæling	Heimildir	Fornleifar í Grafningi 1998, bls 91-99.				
Isnet E	402402,989	Isnet N	395187,773				
Verkefna nr.	2898	Minjagildi	Nokkuð				
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	Gert er ráð 15 m fjarlægðarmörkum				



Á túnakorti er sýnd tóft af nokkuð ferningslaga útihúsi í túnjaðrinum. „Austast á túninu stóð hesthús“ segir í örnefnalýsingu. Hesthústóftin er í norðausturjaðri túnsins, hlaðinn innan með túngarðinum og ná veggir mest um 1 m hæð að innanverðu en um 1,3 m að utanverðu. Tóftin er opin í austur, um 5 x 7 m að utanmáli og 3,5 x 4 m að innanmáli. Við fornleifaskráningu 1998 segir að járnþak á húsinu hafi hrunið og að enn liggi sperrur og bárujárn ofan í tóftinni. Þetta er horfið nema hvað örliðlar bárujárns- og viðarleifar sjást nokkuð fyrir framan hesthústóftina í og við tvær litlar tóftir [219 / 212] suðaustan hennar. Árið 1998 var verið að byggja við tóftina eins konar hestagirðingu. Hún er horfin en þessi framkvæmd hefur ef til vill raskað hesthústóftinni og benda þústir fyrir framan hana til hruns.

Nr.	2928-216	Bæjarnafn	Tunga	Gömul nr.	481:011	Jarðatalsnr.	481
Svæði		Sveitafélag	Grímsnes- Grafningsshr.	Dag.	18.03.2023	Skráning	RKT-RT
Tegund	Tóft	Hlutverk	Óþekkt	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti	Grænuborgir	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Bíldsfell I-Tunga		
Ástand	Greinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök			
Aldur	1500-1900	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Torf	Umhverfi	Mjög þýft, grasi gróið er á öllu svæðinu við hólinn.				
Lengd		Breidd		Hæð	1,5 m	Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá	Ö-Tunga, 3				
Mæling	Uppmæling	Heimildir	Fornleifar í Grafningi 1998, bls. 96.				
Isnet E	402397,371	Isnet N	395467,59				
Verkefna nr.	2898	Minjagildi	Mjög mikið				
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	Gert er ráð 15 m fjarlægðarmörkum				



Grænutóftir eða Grænuborgir eru eldra nafn á þessum hól [216] en heimamenn nefna hann nú Grænhól. Hóllinn er um 1,3-1,5 að hæð, kúptur upp í miðju, um 6 x 4 m að utanmáli, en aflíðandi út til hliða og því töluvert meiri að umfangi og nokkuð aflangur. Hann er augljóslega manngerður, mjög þýfður, og virðist mega sjá óljós tóftarbrot ofan í honum. Að sunnanverðu má auk þess má greina veggjarbrot [217], um 3 m að lengd, með stefnu vestur - austur, og smástubb sem liggur í suður frá vesturendanum. Vestanvert eru þúfur og gætu þar líka leynst minjar. Mjög þýft og grasi gróið er á öllu svæðinu sunnan og vestan megin við hólinn. Leifar sjást einnig af gamalli leið [218] sem liggur fast vestur fyrir Grænutóftir.

Sjá en frekari lýsingar í skýrslu.

Nr.	2928-217	Bæjarnafn	Tunga	Gömul nr.	481:011	Jarðatalsnr.	481
Svæði	Grænuborgi	Sveitafélag	Grímsnes- Grafningsshr.	Dag.	18.03.2023	Skráning	RKT-RT
Tegund	Tóft	Hlutverk	Óþekkt	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti	Grænuborgir	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Bíldsfell I-Tunga		
Ástand	Illgreinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök			
Aldur	1500-1850	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Torf og grjót	Umhverfi	Mjög þýft				
Lengd	5,3	Breidd	3,6	Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá	Ö-Tunga, 3				
Mæling	Uppmæling	Heimildir	Fornleifar í Grafningi 1998, bls. 96.				
Isnet E	402397,626	Isnet N	395458,930				
Verkefna nr.	2898	Minjagildi	Mjög mikið				
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	Gert er ráð 15 m fjarlægðarmörkum				



Grænutóftir eða Grænuborgir eru eldra nafn á þessum hól [216] en heimamenn nefna hann nú Grænhól. Hóllinn er um 1,3-1,5 að hæð, kúptur upp í miðju, um 6 x 4 m að utanmáli, en aflíðandi út til hliða og því töluvert meiri að umfangi og nokkuð aflangur. Hann er augljóslega manngerður, mjög þýfður, og virðist mega sjá óljós tóftarbrot ofan í honum. Að sunnanverðu má auk þess má greina veggjarbrot [217], um 3 m að lengd, með stefnu vestur - austur, og smástubb sem liggur í suður frá vesturendanum. Vestanvert eru þúfur og gætu þar líka leynst minjar. Mjög þýft og grasi gróið er á öllu svæðinu sunnan og vestan megin við hólinn. Leifar sjást einnig af gamalli leið [218] sem liggur fast vestur fyrir Grænutóftir.

Sjá en frekari lýsingar í skýrslu.

Nr.	2928-218	Bæjarnafn	Tunga	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	481
Svæði		Sveitafélag	Grímsnes- Grafningsshr.	Dag.	18.03.2023	Skráning	RKT-RT
Tegund	Gata	Hlutverk	Leið	Flokkur	Samgönguminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Bíldsfell I-Tunga		
Ástand	Illgreinanlegar fornleifar		Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök		
Aldur	1500-1850	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Troðningur		Umhverfi				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei		Örnefnaskrá				
Mæling	Uppmæling		Heimildir				
Isnet E	402387,321	Isnet N	395465,63				
Verkefna nr.	2898	Minjagildi		Lítið			
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir		Engar			



Mjög þýft og grasi gróið er á öllu svæðinu sunnan og vestan megin við hólinn. Leifar sjást einnig af gamalli leið [218] sem liggur fast vestur fyrir Grænutóftir.

Nr.	2928-219	Bæjarnafn	Tunga	Gömul nr.	Ekki skráð áð.	Jarðatalsnr.	481
Svæði	Tungutún	Sveitafélag	Grímsnes- Grafningsshr.	Dag.	18.03.2023	Skráning	RKT-RT
Tegund	Tóft	Hlutverk		Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Bíldsfell I-Tunga		
Ástand	Greinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök			
Aldur	1850-1930	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Torf og grjóti	Umhverfi	Tóftaleifar sunnan v. hesthús, gras og þýft				
Lengd	3,0	Breidd	3,0	Hæð	0,2	Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	402413,353	Isnet N	395184,087				
Verkefna nr.	2898	Minjagildi	Lítið				
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	Gert er ráð 15 m fjarlægðarmörkum				




Um 4 m austur af hesthústóft [214] er lítil tóft [219], byggð inn í túngarðinn þannig að hún opnast út frá honum. Leifar túngarðsins liggja út frá hornum hennar beggja vegna. Tóftirnar eru báðar um 3 x 3 m að utanmáli og er örlítið bárujárns- og viðarrusl í kringum þær sem bendir til að þær séu ekki mjög gamlar. Veggir á þessum litlu tóftum bunga aðeins örlítið upp úr túninu í kring, 0,1-0,2 m, þannig að þær eru nánast samlagaðar því og fremur ógreinilegar. Hleðslugrjót sést ekki nema hvað einn steinn er í horni tóftar [219] næst hesthúsinu. Líklega hafa þetta verið aðhöld fyrir kindur eða lömb. Þessar litlu tóftir hafa takmarkað minjagildi nema sem hluti túngarðsins og minjaheildarinnar í Tungu. Þær hafa ekkert upplifunargildi.

Nr.	2928-220	Bæjarnafn	Tunga	Gömul nr.	481:015	Jarðatalsnr.	481
Svæði	Tungutún	Sveitafélag	Grímsnes- Grafningsshr.	Dag.	18.03.2023	Skráning	RKT-RT
Tegund	Heimild	Hlutverk	Útihús	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Bíldsfell I-Tunga		
Ástand	Ekki sést til fornleifa		Hættumat		Hættuorsök		
Aldur		Horfin	Já	Horfin ástæða	Vegna byggingar		
Efni			Umhverfi				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Túnakort 1918		Örnefnaskrá				
Mæling	Túnakort 1918		Heimildir	Fornleifar í Grafningi 1998, bls 91-99.			
Isnet E	402175,242		Isnet N	395225,465			
Verkefna nr.	2898		Minjagildi	Ekki metið			
Ljósmyndari	RKT		Mótvægisaðgerðir	Engar húsið er horfið undir byggingu			

Á túnakorti er sýnt útihús norðan í túninu, rétt innan við túnjaðarinn. Það hefur verið á þeim slóðum sem gamla bárujárnsklædda húsið er nú og hefur líklega horfið við raskið kringum það. Ekkert sést lengur af þessu húsi.

Nr.	2928-221	Bæjarnafn	Tunga	Gömul nr.	481:012	Jarðatalsnr.	481
Svæði		Sveitafélag	Grímsnes- Grafningsshr.	Dag.	18.03.2023	Skráning	RKT-RT
Tegund	Heimild	Hlutverk	Stöðull	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti	Stöðull	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Bíldsfell I-Tunga		

Ástand	Ekki sést til fornleifa	Hættumat	Ekki metið	Hættuorsök			
Aldur	900-1900	Horfin	Já	Horfin ástæða	Ekki vitað		
Efni	Ekki metið	Umhverfi					
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Staðsetning ekki þekkt	Heimildir	Fornleifar í Grafningi 1998, bls. 96.				
Isnet E		Isnet N					
Verkefna nr.	2898	Minjagildi	Ekki metið				
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	Engar engin merki um stöðull				



Í örnefnalýsingu segir: „Ofan við túnið vestan við Tunguheiði er harðvellis-bali, sem nefnist Stöðull, en norður af honum tekur við melur, sem heitir Tungumelur og nær hann upp að Mjóasundi.“ Samkvæmt örnefnakorti er Stöðullinn á harðvellisbala norðvestur af steypa húsinu sem nú er í Tungu. Mögulega hefur stöðullinn verið í grennd við Grænutóftir [216 / 217] eða þar sem þær eru.

Ekki sést þó til neinna minja á yfirborði á þessu svæði.

Nr.	2928-222	Bæjarnafn	Tunga	Gömul nr.	481:009	Jarðatalsnr.	481
Svæði		Sveitafélag	Grímsnes- Grafningsshr.	Dag.	18.03.2023	Skráning	RKT-RT
Tegund	Niðurgröftur	Hlutverk	Mógrafir	Flokkur	Nytjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Bíldsfell I-Tunga		
Ástand	Greinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök			
Aldur	1300-1930	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni			Umhverfi	Mýri			
Lengd	14,0 m	Breidd	13,4 m	Hæð			
				Hleðslu umferð			
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá	Ö-Tunga.				
Mæling	Uppmæling		Heimildir	Fornleifar í Grafningi 1998, bls 91-99.			
Isnet E	402467,256	Isnet N	395316,257				
Verkefna nr.	2898			Minjagildi	Lítið		
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	Uppmæling ætti að vera fullnægjandi				



Allnokkru norðan við Tungutún, miðja vegu milli þess og Grænutófta [216] og nokkurn veginn beint norður af hesthústóftinni [225], er þýfð grasi gróin kvos sem liggur í skeifu. Þurrara er vestan megin í henni en austan megin er blautlendi og mótar fyrir mógröfum [222]. Þær eru inni á skipulagssvæðinu, þar sem fyrirhugaður er vegur vestan við lóð 14 og eru því í hættu. Uppmæling ætti að vera fullnægjandi.

Nr.	2928-223	Bæjarnafn	Tunga	Gömul nr.	481:009	Jarðatalsnr.	481
Svæði		Sveitafélag	Grímsnes- Grafningsshr.	Dag.	18.03.2023	Skráning	RKT-RT
Tegund	Niðurgröftur	Hlutverk	Mógrafir/mógröf	Flokkur	Nytjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Bíldsfell I-Tunga		

Ástand	Greinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök			
Aldur	1300-1930	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni		Umhverfi	Mýrasund				
Lengd	5,8	Breidd	1,68	Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá	Ö-Tunga.				
Mæling	Uppmæling	Heimildir	Fornleifar í Grafningi 1998, bls 91-99.				
Isnet E	402477,441	Isnet N	395292,402				
Verkefna nr.	2898	Minjagildi	Lítið				
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	Uppmæling ætti að vera fullnægjandi				



Allnokkru norðan við Tungutún, miðja vegu milli þess og Grænutófta [216] og nokkurn veginn beint norður af hesthústóftinni [225], er þýfð grasi gróin kvos sem liggur í skeifu. Þurrara er vestan megin í henni en austan megin er blautlendi og mótar fyrir mógröfum [222]. Þær eru inni á skipulagssvæðinu, þar sem fyrirhugaður er vegur vestan við lóð 14 og eru því í hættu. Uppmæling ætti að vera fullnægjandi.